

Nýja efnið frá

Lundi



Mat á málkunnáttu barna

Aðferðir til þess að meta málakunnáttu

Meta má tungumálakunnáttu einstaklinga eftir óformlegum og formlegum leiðum.

Með óformlegum leiðum er litið til mismunandi málnotkunar manna við ýmsar aðstæður. Segulbandsupptökur og aðrar leiðir til skráningar hjálpa til við að greina málnotkunina nákvæmlega. Þessar aðferðir taka mikinn tíma og þær henta ekki til notkunar í rannsóknum.

Þegar beitt er formlegum leiðum þarf að takmarka innihald málsins, málnotkun er bundin við skilgreindar og tilbúnar aðstæður. Þannig er unnt að beita kerfisbundnum aðferðum til þess að greina málnotkun einstaklinganna.

Kynning á Lundarefninu

Efnið frá Lundi er hugsað til notkunar fyrir talkennara og talmeinafræðinga sem vinna með seinmálþroska börn og börn sem hafa frávik frá venjulegri málnotkun. Einnig hefur þetta efni reynst vera mjög gott hjálpartæki fyrir kennara sem þurfa að meta málkunnáttu barna sem hafa annað tungumál að móðurmáli. Efnið er eitt af nokkrum hjálpartækjum sem unnt er að beita til þess að kanna og meta augnabliksnotkun barna á máli, sér í lagi hvað varðar hljóðkerfi, beygingarfræði og í sumum tilfellum líka setningaskipun. Nota má efnið fyrir börn frá þriggja ára aldri.

Efnið hjálpar til við að finna börn sem stríða við tungumálavanda, sem gæti þarfnast sérstakrar aðstoðar eða kennslu. Það gefur einnig vísbendingar um setninganotkun barnanna sem þyrfti sérstaklega að vinna með.

Lögð er mikil áhersla á að myndirnar séu greinilegar og hvetjandi og að þær séu úr hugmyndaheimi barnsins. Myndirnar eru í litum til þess að vekja áhuga barnsins og hvetja það til virkrar þátttöku. Hugsanlegt er að við mjög sérstaka skynjun og hugsanlegar heilaskemmdir virki litir truflandi, en fyrir flest börn virka litirnir jákvætt á börn sem taka þátt í rannsókninni. Yfirleitt tekur athugunin um tuttugu mínútur.

Unnt er að beita mismunandi aðferðum til þess að barnið skýri frá þeim atriðum sem óskað er eftir. Við notkun Lundarefnisins eru eftirtaldar aðferðir notaðar:

Spurnaraðferðin. Sá sem gerir könnunina spyr barnið hvar – hvenær – hvernig spurninga, t.d. ”hvað er þetta?” ”Hver á þetta?” ”Hvert fer hann?”

Lokaaðferðin Sett er fram ófullkomin fullyrðing sem barnið á að ljúka við, t.d. ”Á þessu tré eru mörg laufblöð, en á þessu eru ...”. Með tónfalli er barninu gert ljóst að um er að ræða ófullkomna setningu og það er hvatt til að ljúka við setninguna.

Frásagnaraðferðin Rannsakandinn gefur barninu dæmi um frásögn. Barnið á að búa til nýja frásögn með öðru innihaldi, en með sömu eða líkri málnotkun og

fyrirmyndin. Horft er t.d. á tvær myndir og þeim lýst. Kennari: ”Frænkan hefur málað húsið”. Barnið: ”Frændinn hefur bakað köku”.

Hvatningaraðferðin Barnið er hvatt til þess að spyrja spurningar eða setja fram fullyrðingu, t.d. ”Spyrðu mömmu hvað þið ætlið að gera þegar þið komið heim!” ”Segðu dúkkunni að núna eigi hún að fara að sofa!”

Við höfum tekið eftir að til þess að ná fram ákveðnum orðmyndum nýtast sumar aðferðir betur en aðrar. Þannig er t.d. lokaaðferðin best til þess að ná fram fleirtölumynd nafnorða.

Innihald Lundarefnisins

Hljóðkerfi. Orðin í fyrsta hluta, ”hljóðkerfi og fleirtölumyndun nafnorða” eru algeng hljóð og hljóðmyndir og samsetning samhljóða á íslensku. Á eyðublaðinu er greiningaraðferð sem má nota til þess að fá yfirlit yfir hljóðkerfisnotkun barnsins.

Fleirtölumyndun nafnorða er könnuð með myndum af fjórtán nafnorðum í eintölu og fleirtölu.

Stigbreyting lýsingarorða og atviksorða er könnuð með því að barnið er látið bera saman tvö orð sem beygjast veikt (hraður, feitur), tvö orð sem hafa sterka beygingu (mikið, lítið) og eitt orð sem tekur hljóðskiptum (stór).

Samræmi – kyn og tala er athugað með því að láta barnið beygja lýsingarorð (stór) ásamt nafnorði í karl- eða kvenkyni og í hvorugkyni með ákveðnum greini í eintölu og nafnorði í fleirtölu.

Eignarfallsnotkun er athuguð með hjálp sérnafns (Anna) og nafnorðs (kisan/kötturinn).

Könnuð eru fjögur **eignarfornöfn** (hans, hennar, minn, þinn).

Forsetningar. Könnuð er notkun sex forsetninga í staðarliðum (í, á, undir, á bak við, fyrir framan, við hliðina á), þriggja í stefnulið (neðan við, til, af/frá) og forsetningin með, sem er í dæmi um hvaða tæki er notað.

Neitun er könnuð í tengslum við tvær einfaldar sagnir (rólar ekki, hoppar ekki) og tvær samsettar sagnir (getur ekki klifrað, finnst ekki..). Að auki eru prófuð óákveðin fornöfn (enginn/ekki neinn).

Tíðarnotkun sagna er könnuð með hjálp nokkurra mynda, prófuð er nútíð, lýsingarháttur þátíðar og framtíð. Þátíð er prófuð með myndaröð sem lýsir atburðarás.

Gerðar eru tillögur um hvernig prófa má **spurningamyndun** með hjálp hvatningaraðferðar og mynsturaðferðar.

Fullyrðingasetningar nást oft fram með notkun á myndaröðinni sem beitt er við prófun þátíðar.

Sá sem rannsakar þarf að veita frjálsum tali barnsins athygli og taka eftir spurningum sem barnið spyr meðan á könnuninni stendur. Skrifa þarf þetta niður á eyðublaðið.

Leiðbeiningar um notkun efnisins

Lesið vandlega innganginn í sænsku útgáfunni af bókinni. Hér á eftir er íslensk þýðing á bls. 8 í sænsku útgáfunni, til þess að leiðbeina um notkun bókarinnar á íslensku.

Með hverri mynd í myndabókinni fylgir síða með texta (ath. þó að fjórar myndir fylgja með bls. 65 og 66). Efst á blaðsíðunni stendur svarið sem búist er við að barnið noti. Einnig eru gefin dæmi um spurningar, sem unnt er að nota til þess að fá barnið til að gefa svarið sem óskað er eftir. Það má líka beita lokaaðferð til þess börnin noti svörin í eðlilegu talmáli, eða skipta milli spurnaraðferðar og lokaaðferðar til þess að samtalið verði ekki of einhæft.

Mikilvægast er að ná því fram hjá hverju barni á hvaða málstigi það stendur, en minna máli skiptir hver aðferðanna er notuð.

Hlustið á spurningar sem barnið spyr sjálf meðan á samtalinu stendur, skrifið þær niður undir liðnum "Spurningar" á eyðublaðinu. Könnunaraðferðirnar til þess að fá barnið til þess að spyrja spurninga þarf aðeins að nota ef spurningarnar koma ekki af sjálfu sér frá barninu.

Æskilegt er að hljóðrita (transskribera) frjálst mál barnsins! Rými er fyrir það á eyðublaðinu.

Könnun á málnotkun:

- Semjið við bekkjarkennarann (eða leikskólakennarann) um tíma fyrir könnun. Látið foreldra vita um könnunina, hugsanlega með bréfi.
- Ræðið við barnið um myndirnar í heftinu.
- Nauðsynlegt er að taka samtalið upp á segulband.
- Samtalið við barnið ætti ekki að vera lengra en hálf klst. Hlustið líka vel eftir frjálsum tali barnsins, sem þið hvetjið það til að nota.
- Ræðið við kennarann um málstöðu barnsins og hvernig það þrífst í hópnum. Fylgist barnið (vel) með og tekur á móti boðum?
- Eftir samtalið þarf að hlusta á upptöku, ef hún var notuð, og gera athugasemdir eftir þörfum. Niðurstöður skal færa á eyðublaðið.

- Niðurstöðum þarf að skila til kennaranna sem eiga að kenna barninu og styðja það við nám í íslensku.

1 RÚM

2 BÓK

Segðu frá: Stelpan hérna heitir Anna. Þessi bók er um hana o.s.frv.

Spurnaraðferð Hvar liggur Anna?
Hvað er hún að gera??

eða

Lokaaðferð Anna liggur í
Hún er að lesa í

etv. bendiaðferð Bentu á rúmið!
Bentu á bókina!

3 KONA

4 HUNDUR

5 BLÓM

6 GRAS

Spurnaraðferð Hvað er þetta hér?
Hvað vex á jörðinni?

Lokaaðferð Þetta er ekki maður, heldur
Hún er úti að ganga með
Hundurinn lítur (kíkir) á
Konan og hundurinn standa á

etv. bendiaðferð Benda á konuna, hundinn, o.s.frv.

7 SKRIFAR

8 FRÍMERKI

Spurnaraðferð

Þetta er höndin á Önnu. Hvað er Anna að gera?
Hvað er þetta?

Lokaaðferð

Hún er ekki að teikna. Hún
Hún hefur sett á bréfið

etv. bendiaðferð

Bentu á það sem hún skrifar!
Bentu á frímerkið!

9a TEIKNAR

9b STÝRI 10 STELPA

Spurnaraðferð

Hvað er Anna að gera?
Hvað hefur hún teiknað hérna?

Lokaaðferð

Anna er ekki strákur, heldur

11 BANANI

12 MJÓLK

Segðu frá

Þegar Anna kemur heim úr skólanum fær hún sér eitthvað að borða

Spurnaraðferð

Hvað er þetta?

Hvað heldur þú að sé í fernunni?

Lokaaðferð

Þetta er

Í glasinu er

etv. bendiaðferð

Bentu á bananann

Bentu á mjólkina

Bentu á glasið o.s.frv.

13 AUGU

14 NEF

15 MUNNUR

16 ENNI

17 SKEGG

Segðu frá

Þetta er pabbi Önnu. Nú ætla ég að benda!

Spurnaraðferð

Hvað er hann með hérna?

Hvað er hann með í munninum?

(Ef barnið svarar örugglega má líka spyrja um aðra hluti)

Lokaaðferð

Hann er með

etv. bendiaðferð

Bentu á augu, nef, munn, enni, skegg.

18 KÚ / KÝR (BELJA)

19 TRÉ

20 BLAÐ / LAUFBLAÐ / LAUF

Spurnaraðferð

Hvað er þetta?

Hvað er það sem vex á trénu?

Lokaaðferð

Þetta er ekki svín, heldur

Kýrin (beljan) stendur við hliðina á

Á greininni er

etv. bendiaðferð

Bentu á kúna, tréð, blaðið

21 HJARTA

Spurnaraðferð

Hvað er þetta?

Lokaaðferð

Þetta er

Aukaspurningar

Hvernig er hjartað á litinn?

(Notaðu tækifærið til þess að athuga þekkingu barnsins á litum)

22 FÓTUR

23 SKÓR

Spurnaraðferð

Hvað er þetta?

Lokaaðferð

Þetta er

Og sem hún getur sett á fótinn

24 STURTA / STURTUUBAÐ

25 VATN

26 SÁPA

Spurnaraðferð

Hvað er Anna að gera?

Hvað er það sem Anna stendur undir?

Hvað kemur úr sturtunni?

Hvað er það sem er hér?

Lokaaðferð

Anna er í

Úr sturtunni kemur

Hér er það sem hún þvær sér með. Það er

Aukaspurningar

Hvað heita þessir?

(bentu á báða fætur, og spurðu barnið líka um aðra líkamshluta)

27 BÆKUR

28 BANANAR

Spurnaraðferð

Hvað er það sem er þarna á hillunni?
Hvað er í skálinni?

Lokaaðferð

Á hillunni eru margar
og í skálinni eru

Aukaspurningar

Hvað eru margar bækur á hillunni? Eða bananar?

(Notaðu tækifærið til þess að athuga hvað barnið veit um tölur)

29 STELPUR / STÚLKUR

30 RÚM

Segðu frá

Hér sefur Anna í rúminu sínu.
Það er önnur stelpa í heimsókn hjá henni, þannig að þarna eru
tvær

Lokaaðferð

Á myndinni er ekki bara ein stelpa, heldur tvær
Þær sofa í tveim

31a EPLI

Segðu frá Nú skulum við skoða næstu tvær myndir og þú átt að segja mér hvað þú sérð á þessum myndum.

Lokaaðferð Hér eru fjögur

31b STÓR, STÆRRI, STÆRST(UR)

(Legðu höndina yfir tvö stærstu eplin. Bentu á minnsta eplið og segðu:)

Lokaaðferð Þetta er lítið epli,
en þetta epli er ekki lítið (bentu á epli nr. 2). Það er
Og þetta epli er ennþá (bentu á epli nr. 3)
Og þetta epli hér er allra (epli nr 4)
etv. bendiaðferð Segðu barninu að benda á stærsta eplið
Bentu á epli sem er stærra en þetta hér. (bentu á epli nr 2)

32a SKIP / BÁTUR / FERJA

Lokaaðferð Og hér eru fjögur
(Flettu til baka á sp. 31 með eplunum, sem er notuð samtímis þessari spurningu. Myndin með skipunum á við sp. 32b)

32b LÍTIL(L), MINNI, MINNST(UR)

(Legðu höndina yfir tvö minnstu skipin. Bentu á stærsta skipið og segðu:)

Lokaaðferð Þetta skip er stórt, - en þetta hérna er (bentu á skip nr. 2) er ekki stórt, heldur
Og þessi bátur er ennþá (bentu á bát nr 3)
Og þessi er allra (bátur nr 4)
etv. bendiaðferð Segðu barninu að benda á minnsta bátinn
Bentu á bát sem er minni en þetta skip hér (bentu á skip nr 2)

33 HRATT, HRAÐAR, HRAÐAST

HÆGT, HÆGAR, HÆGAST

(Bentu á barnavagninn)

Lokaaðferð

Það gengur frekar hægt þegar maður keyrir barnavagni.

Þegar þú hjólar ferðu ekki hægt, heldur

Og að aka bíl gengur ennþá

En að fljúga í flugvél gengur allra

Aukaspurningar

Með hverju hefur þú ferðast?

Hefur þú ferðast í flugvél?

Hvenær?

(Syrðu líka annarra spurninga, sem fá barnið til þess að tala frjálst út frá myndunum)

34 FEITUR, FEITARI, FEITASTUR

MJÓR, MJÓRRI, MJÓSTUR

ÞYKKUR, ÞYKKARI, ÞYKKASTUR

GRANNUR, GRENNRI, GRENNSTUR

(Leggðu höndina yfir tvær þykkustu pylsurnar)

Lokaaðferð

Þessi pylsa er mjó, - en (bentu á nr 2)

Þessi pylsa er ekki mjó, heldur

Þessi pylsa er ennþá (bentu á nr 3)

Þessi er allra (bentu á nr 4)

Aukaspurningar

Finnst þér pylsur góðar? (ef nei, syrðu þá t.d.)

Hvers vegna borðar þú ekki pylsur?

(hér er tækifæri til þess að tala frekar um menningu o.s.frv.)

35 LITLA RÓSIN

36 LITLA HÚSIÐ

37 LITLU ÚRIN (KLUKKURNAR)

(Bentu á myndirnar tvær eftir því sem við á)

Lokaaðferð

Þetta er stór rós, og þetta er (bentu)

Hér er (bentu) litla húsið, og þetta er

Þetta eru litlar klukkur (bentu) og þetta eru

38 ÞAÐ SEM ANNA Á

39 OG KISAN / KÖTTURINN

Spurnaraðferð

Hér er Anna. Hún er með ís.

Hver á ísinn?

Hver á rófunu (bentu)?

40 HANS

41 HENNAR

42 MÍN

43 ÞÍN

Spurnaraðferð

Hann er með bolta og hún er með bolta (bentu á hvorn bolta fyrir sig)

Hver á þennan bolta?

Og hver á þennan bolta?

Lokaaðferð

Þetta er bolti

(Það eru ekki neinar myndir sem fylgja með spurningum nr. 42 og 43. Bentu t.d. á peysu barnins og þína eigin peysu)

Spurnaraðferð

Hver á þessa peysuog hver á þessa

Lokaaðferð

Þetta er

44 UNDIR

45 Í / INNI Í

Segðu frá

Hér er skápur, sem Anna felur sig í.

Spurnaraðferð

Hvar er Anna?

Lokaaðferð

Hérna er hún undir skápnum og þarna er hún

46 Á BAK VIÐ

47 FYRIR FRAMAN

Spurnaraðferð

Hvar er Anna?

Lokaaðferð

Á hinni myndinni var Anna inni í skápnum,
en nú er hún

48 VIÐ HLIÐINA Á

49 Á / OFAN Á / UPPI Á

Spurnaraðferð

Hvar er Anna nú?

Lokaaðferð

Nú er Anna ekki lengur framan við skápinn.
Hérna er hún ofan á (uppi á)

50 NIÐUR

Lokaaðferð

Strákurinn gengur upp tröppurnar,
og stelpa gengur

51 TIL

Spurnaraðferð

Hvert hleypur Anna?

Lokaaðferð

Hún hleypur

52 FRÁ / ÚR

Spurnaraðferð

Þetta er mjólk.

Hvernig fáum við mjólk? (eða)

Hvaðan kemur mjólkin?

Aukaspurningar

Hafur þú séð þegar kýr eru mjólkaðar?

Veistu hvenær, hvar og hver gerir það?

53 MEÐ

Spurnaraðferð

(bentu á skeiðina) Hvernig borðar Anna súpu?

Lokaaðferð

Anna borðar

54 GETUR EKKI KLIFRAÐ

Lokaaðferð

Þessi strákur getur klifrað,
en þessi strákur þarna

(Spyrðu ýmissa spurninga til þess að fá barnið til þess að tala
frjálst. Dæmi:)

Hvers vegna getur hann ekki klifrað í trénu?

Hefur þú reynt að klifra í trjám?

Hefur þú dottið og meitt þig?

Hvar, hvenær, hvernig?

55 RÓLAR EKKI

Lokaaðferð

Anna rólur, en þessi stelpa

56 FINNST EKKI GOTT

Lokaadferð

Önnu finnst gos gott, en stráknum

57 SIPPAR EKKI

Lokaadferð

Anna sippar, en þessi stelpa hérna

58 ENGINN / EKKI NEINN / EKKERT

Lokaaðferð

Á þessu tré eru mörg laufblöð,
en á þessu tré eru

(Spyrðu öðruvísi, svo sem:)

Hvers vegna?

Hvenær eru laufblöð á trjánum?

(Athugaðu hvort barnið þekkir árstíðirnar)

59 ÉTUR

60 HEFUR ÉTIÐ

Spurnaraðferð

Hvað er músin að gera?

Nú er osturinn búinn. Hvers vegna?

Hernig getur þú séð það?

61 ÞVÆR

62 ER BÚIN(N) AÐ ÞVO

Spurnaraðferð

Hvað er Anna að gera?

Hvernig varð bíllin svona hreinn?

(Spyrðu spurninga eins og:)

Hjálpar þú foreldrum þínum heima? Við hvað hjálpar þú þeim?

63 AÐ FERÐAST

Spurnaraðferð

Anna er með ferðatöskur (bentu á) og er að kaupa farmiða.

Hvers vegna gerir hún það?

Aukaspurningar

Hefur þú ferðast í (járnbrautar)lest?

Hvert, hvenær?

64 AÐ FARA Í VATNIÐ/SJÓINN

Spurnaraðferð Anna er með björgunarhring og hleypur að ströndinni.
Hvers vegna gerir hún það?

Segðu frá Í fyrra var hún í ferðalagi með skólanum/bekknunum. Hin börnin fóru líka á ströndina.
Þau fóru þangað í rútu og nú skulum við sjá hvað gerðist á leiðinni.

65 Þátíð sterkra sagna

REIF

SVAF

SAT

LAS

66 Þátíð veikra sagna

HOPPAÐI

TEIKNAÐI

SUSSAÐI

HORFÐI

KEYRÐI

(Reyndu að fá barnið til þess að nota eins margar sagnir og unnt er með því að spyrja spurninga í þátíð og benda samtímis á einstök börn á myndinni)

Spurnaraðferð Hvað gerði hann / hún / þessi o.s.frv.

(Skrifaðu setningarnar og setningamyndun sem börnin nota)

65 Þátíð sterkra sagna

STÖKK

STÓÐ

HLJÓP

GRÓF

66 Þátíð veikra sagna

HOPPAÐI

SYNTI

KAFADI

Spurnaraðferð

Hvað gerðu börnin, þegar þau voru komin á ströndina?

(Skrifaðu setningarnar og setningamyndun sem börnin nota)

Segðu frá

Eftir að börnin höfðu verið á á ströndinni, þá

65 Þátíð sterkra sagna

DRAKK

GRÉT

SAT (Á)

66 Þátíð veikra sagna

BORÐAÐI

BLÆDDI

HELLTI

SAUMAÐI

Spurnaraðferð

Hvað gerðist þá?

(Skrifaðu setningarnar og setningamyndun sem börnin nota)

66 Þátíð veikra sagna

KEYRÐI

Spurnaraðferð

Hvað gerðu þau svo?

(Skrifaðu setningarnar og setningamyndun sem börnin nota)

67 SPURNARORÐS-SPURNINGAR

68 JÁ/NEI - SPURNINGAR

Segðu frá

Nú er ég búin(n) að spyrja þig um ýmislegt og nú skalt þú spyrja mig um eitthvað sem þér dettur í hug

Hvatningaraðferð

(Fáðu barnið t.d. til þess að spyrja spurninga með spurnarorðum með því að segja:)

Spyrðu mig hvar ég á heima!

Spyrðu mig hve gamall/gömul ég er!

(og já/nei spurningar, t.d.):

Spyrðu mig hvort mér finnist ís góður!